

Alþingi
Erindi nr. P 142/152
komudagur 7.1.2013

Reykjavík, 1. júlí 2013

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 6. mál

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Meðfylgjandi eru athugasemdir SFF um frumvarpið.

5. gr. Gildissvið trygginganna

1. mgr. 5. gr.

Í 2. másl. 1. mgr. 5. gr. er lögð til breyting frá gildandi lögum á skilgreiningu á hugtakinu *slys*. Lögð er til sú breyting að skilyrði um að atburður sem veldur slysi þurfi að vera „óvæntur“ í stað þess að vera „utanaðkomandi“. Í greinargerð með ákvæðinu er stutt umfjöllun um að breytingin feli í sér að hugtakið er rýmkað ögn og taki m.a. til tilvika þar sem ofreynsla veldur vinnuslysi.

SFF gera ekki athugasemdir við það að hugsanlega séu breytingar á slyshugtakinu nauðsynlegar og eðlilegar á næstu árum. Slíka breytingu þarf þó að gera að vel ígrunduðu máli þar sem áhrif breytingarinnar eru skoðuð til enda áður en ákvörðun er tekin.

Eina skilgreiningin á hugtakinu *slys* í lögum er að finna í lögum um almannatryggingar, l. nr. 100/2007. Um er að ræða sömu skilgreiningu og notast er við í váttryggingarétti í dag. Ef skilgreiningu á hugtakinu *slys* er breytt í almannatryggingarétti getur það haft áhrif á skilgreiningu á slysi í váttryggingarétti og þá um leið þá sem kjarasamningar vísa til. Þó váttryggingfélögum sé stætt á því að hafa áfram gildandi skilgreiningu, sbr. lög um almannatryggingar, er tilhneiging til þess að ákveðin samlegðaráhrif séu þarna á milli. SFF telja því eðlilegt að áður en breyting verði gerð á hugtakinu sé rætt við váttryggingafélög og aðila vinnumarkaðarins sem og aðra hagsmunaaðila þar sem hugað verði að því hver sé eðlileg breyting á slyshugtakinu á næstu árum.

Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við greinina segir að breytingin feli í sér aðhugtakið sé rýmkað ögn. SFF vilja benda á að þessi breyting á hugtakinu geti haft

ófyirséð áhrif og með því að taka út „utanaðkomandi“ og setja inn „óvænt“ sé hugsanlega verið að opna fyrir verulega aukningu á þeim tilvikum sem geta fallið undir hugtakið. Má í því samhengi nefna að í Danmörku var gerð breyting á slyshugtakinu árið 2001 þar sem horfið var frá því að gera kröfu um utanaðkomandi atburð.¹ Eftir að breytingin var gerð hafa komið upp mörg álitamál um hvort tilvik falli undir skilgreiningu slyshugtaksins. Þar hefur m.a. verið komist að þeirri niðurstöðu að slys af völdum sjúkdóms hefur verið talið falla undir nýju skilgreininguna á slyshugtakinu. Í athugasemdum við frumvarpið er lítið sem ekkert fjallað um hvaða tilvik koma til með að geta fallið undir nýja skilgreiningu á hugtakinu slys. Að mati SFF er ekki æskilegt að t.d. slys af völdum sjúkdóms falli undir skilgreiningu slyss. Sé það hins vegar vilji löggjafans að svo sé, er mikilvægt að slík ákvörðun sé tekin að vel ígrunduðu x máli og áhrif breytingarinnar könnuð fyrirfram. Þá er einnig eðlilegra að svo víðtæk breyting á slyshugtakinu fái nánari umfjöllun í greinagerð þar sem fram koma m.a. dæmi frá löggjafanum um hvað það er sem kunni að falla undir breytt hugtak.

Þá vilja SFF einnig benda á að í frumvarpinu er ekki að finna neina umfjöllun um hver verði kostnaðurinn við þessa breytingu. Óhjákvæmilega myndi þessi breyting hafa kostnaðaraukningu í för með sér fyrir ýmsa aðila ef fleiri tilvik koma til með að falla undir hugtakið. En þar sem lítil sem engin umfjöllun er um hvaða tilvik falla þarna undir er erfitt að áætla kostnað. Það er því ekki ólíklegt að breytingin muni hafa í för með sér óvissu fyrir hagsmunaaðila.

SFF vilja ítreka að samtökin leggjast ekki gegn því að hugsanlega sé eðlilegt að skilgreining á hugtakinu slys verði tekin til endurskoðunar og eðlileg þróun þess rædd. Samtökin telja þó að slíka ákvörðun þurfi að vanda og að allir hagsmunaaðilar þurfi að koma að borðinu.

2. mgr. 5. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins inniheldur einnig það nýmæli að hafi hinn slasaði verið valdur að slysi af stórkostlegu gáleysi sé heimilt að fella niður bótagreiðslur. Í frumvarpinu er vísað til þess að þetta sé gert með hliðsjón af 90. grein laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Af því tilefni er bent á það að 90. grein laga um váttryggingarstarfsemi gerir ráð fyrir að ef váttryggingaratburði er valdið af stórkostlegu gáleysi eða stórkostlegt gáleysi verður til þess að afleiðingar urðu meiri en ella hefðu orðið megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við það mat skuli líta til sakar, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hefur sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Heimild frumvarpsins er því meira afgerandi en sú sem er til staðar í lögum um váttryggingarstarfsemi en velta má fyrir sér hvað sé eðlilegt í þeim efnum.

11. gr. Örorkubætur

Í 3. mgr. 11. gr. er lögð til breyting frá gildandi lögum þess efnis að ef slys veldur læknisfræðilegri örorku, sbr. 22. gr. skal sjúkratryggingastofnunin greiða slysatryggðum

¹ Þess má þó geta að skilgreiningin var kynnt af samtökunum Forsikring og Pension og váttryggingafélög eru ekki skyldug til að innleiða tilmælin þar sem skilgreininguna er að finna. En mörg stór tryggingafélög fylgdu á eftir og innleiddu skilgreininguna þó fjölmörg tryggingafélög Danmörku notist áfram við eldri skilgreiningu í skilmálum sínum. Þetta hafði því í för með sér að allur gangur er á því hvaða rétt menn hafa.

einstaklingi á aldrinum 18-67 ára mánaðarlega slysaörorkulífeyri eða örorkubætur í heilu lagi. Þetta er breyting frá gildandi lögum þar sem örorkubætur greiðast vegna slyss frá 16 ára aldri. SFF vilja benda á að samkvæmt þessari breytingu verða 16-18 ára einstaklingar á vinnumarkaði ekki tryggðir jafnt á við aðra einstaklinga á vinnumarkaði. Þetta eru einstaklingar sem geta verið virkir á vinnumarkaði, greitt er tryggingagjald fyrir þá en þeir verða þrátt fyrir það ótryggðir hjá ríkinu ef þeir verða fyrir vinnuslysi. Þær forsendur sem settar eru fram í frumvarpinu eru m.a. þær að mjög fátítt sé að börn á aldrinum 16-18 ára hljóti varanlega örorku af völdum bótaskyldra slysa. Tölfræðilegar upplýsingar fylgja ekki þessari staðhæfingu frumvarpsins. Ekki verður annað séð en að um réttindaskerðingu sé að ræða.

22. gr. Mat á örorku

Í frumvarpinu er það tekið fram að hámark varanlegrar læknisfræðilegrar örorku sé 100% hvort sem um er að ræða afleiðingar eins slyss eða samanlagðrar örorku vegna afleiðinga fleiri slysa. SFF telja eðlilegt að skoðað sé hvort eðlilegt sé að gera breytingar á skaðabótalögum, nr. 50/1993, sem endurspegla þessa breytingu.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur